

kærða til að sæta gæsluvarðhaldi í máli þessu. Tíminn til 20. des. nk., kl. 17:00, þykir ekki óeðlilega langur miðað við hvernig málið er vaxið, og ber honum að hlíta gæsluvarðhaldsvist allt að þeim tíma.

Meint brot kærða geta varðað fangelsisrefsingu og ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar eigi gæsluvarðhaldi þessu til fyrirstöðu.

#### Á l y k t a r o r ð:

Kærði, Einar Steinsson, Birkihvammi 1, Hafnarfirði, f. 11.2. 1961  
sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 20. des. 1985, kl. 17:00.

Miðvikudaginn 18. desember 1985.

Nr. 176/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Hafsteini Viðari Ásgeirssyni**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Fiskveiðibrot. Lögvilla.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Hinum áfrýjaða dómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða 28. júní 1985, en af hálfu ákærvalds er málinu einnig áfrýjað til þvingingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. september 1985.

Héraðsdómari hefur dæmt þetta mál ásamt tveimur samdómendum samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. greinar laga nr. 74/1974. Ekki er skráð í sakadómsbók, að þeir hafi unnið heit samkvæmt 1. mgr. 12. greinar nefndra laga svo sem gera átti. Héraðsdómurinn verður þó ekki ómerktur af þeirri ástæðu.

Eftir uppsögu héraðdóms hefur Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík markað á sjóuppdrátt

staðarákvarðanir varðskipsmanna samkvæmt ratsjarmælingum þeirra við hlið v/b Guðfinnu Steinsdóttur ÁR 10, kl. 1040 og kl. 1116. Í greinargerð skólastjórans, dags. 9. desember 1985, segir svo:

„Staðir þessir eru merktir í kortið ☉ 1040 og ☉ 1116, en kortið er merkt með einkennisstöfum bátsins ÁR 10, einnig er bannsvæði, suður- og norðurmörk þess, svo og útsetningarpunktur minn merktur í kortið.

Niðurstöður þessara athugana eru:

Kl. 1040 - staður ÁR 10 64° 00' 7 N.brd. og 22° 55' 9 V.lgd.

Kl. 1116 - “ “ 64° 00' 8 N.brd. og 22° 59' 2 V.lgd.

Kl. 1040 er m/b GUÐFINNA STEINSDÓTTIR ÁR 10 því 2,5 sjómíliur innan við suðurmörk bannsvæðisins.

Kl. 1116 er m/b GUÐFINNA STEINSDÓTTIR ÁR 10 2,5 sjómíliur innan við suðurmörk bannsvæðisins.

Toghraði bátsins á þessum tíma er um 2,4 sml./klst. Eins og fram kemur á fylgiskjali nr. 2 og enn fremur með tilliti til þess, að ákærði, skipstjórinn á GUÐFINNU STEINSDÓTTUR, gerði engar athugasemdir við staðarákvarðanir v/s Týs, sbr. bls. 9 í dómsgögnum, *tel ég staðsetningar varðskipisins við hlið GUÐFINNU STEINSDÓTTUR ÁR 10, innan bannsvæðisins kl. 1040 og kl. 1116 h. 9. apríl 1985 óyggjandi réttar.*“

Fylgiskjal 2, sem til er vísað í álitsgerðinni, er sameiginlegar athugasemdir skólastjórans varðandi staðarákvarðanir v/s Týs við hlið v/b Guðfinnu Steinsdóttur og fjögurra annarra togskipa, sem voru að veiðum á sama tíma á sama svæði. Er ekki ástæða til að rekja efni þess, en niðurstaðan staðfestir mælingar varðskipsmanna og að togskipin hafi öll verið á svæði, þar sem togveiðar voru bannaðar.

Samkvæmt mælingum skipstjórnarmanna á v/b Tý, framan- greindri álitsgerð Guðjóns Ármanns Eyjólfssonar og játningu ákærða telst sannað, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum árdagis 9. apríl 1985 á svæði, þar sem allar togveiðar voru bannaðar frá og með nefndum degi til og með 15. maí 1985. Hefur ákærði með þessu brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem í ákæruskjali greinir, þó að því athuguðu, að í dóminum hefur misritast, að í ákæru sé vísað til laga nr. 44/1938 í stað laga nr. 44/1948.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 12. desember 1985, jafngilda 100 gullkrónur 2.068,20 seðlakrónum. Samkvæmt skipaskrá er v/b Guðfinna Steinsdóttir ÁR 10, 25,95 metrar á lengd og 127 rúmlestir brúttó.

Brot ákærða er fært til réttra refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Ákvæði 3. greinar reglugerðar nr. 129/1985 bannaði fortakslaust togveiðar frá og með 9. apríl 1985 á svæði því, þar sem ákærði var að veiðum. Hvorki reglugerðarákvæðið sjálft né fréttatilkynning sjávarútvegsráðuneytisins, svo sem hún birtist í fjölmiðlum eftir því sem upplýst er í málinu, veitti ákærða ástæðu til að ætla, að bannið tæki gildi á öðrum tíma en við upphaf þess dags. Eru ekki skilyrði til að beita 3. tl. 74. greinar almennra hegningarlaga nr. 19/1940 við ákvörðun refsingar hans. Verður refsingin ákveðin 100.000,00 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð Íslands, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Guðfinnu Steinsdóttur ÁR 10, svo og ákvæði dómsins um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 15.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Hafsteinn Viðar Ásgeirsson, greiði 100.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 2 mánuði í stað sektar, verði hún ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Guðfinnu Steinsdóttur ÁR 10, þar með taldir dragstrengir, svo og ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

**Dómur sakadóms Árnassýslu 11. apríl 1985.****I.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 11. apríl sl., á hendur Hafsteini Viðari Ásgeirssyni, Lýsumbergi 9, Þorlákshöfn, fæddum 19. apríl 1949 á Stokkseyri, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa árdegis þriðjudaginn 9. apríl 1985 sem skipstjóri á togskipinu GUÐFINNU STEINSDÓTTUR ÁR 10, skráningarnúmer 1510, sem er 127 brúttórúmllestir og 25,95 lengdarmetrar, verið á botnvörpuveiðum á skipinu undan Stafnesi, á svæði innan fiskveiðilandhelginnar, þar sem allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar á tímabilinu frá og með 9. apríl 1985 til og með 15. maí 1985.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81, 1976, sbr. 3. gr. reglugerðar um bann við veiðum í mars og apríl og um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa nr. 129, 20. mars 1985, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299, 1975, sbr. lög nr. 44, 1938 (sic) og lög um breytingu á þeim lögum nr. 45, 1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tölulið 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. nefndra laga nr. 81, 1976, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum öllum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

**II.**

Skv. skýrslu Helga Hallvarðssonar, skipherra á varðskipinu Tý, kom varðskipið, er það var á eftirlitsferð úti af Sandgerði, að m.b. GUÐFINNU STEINSDÓTTUR ÁR 10, þar sem skipið togaði með skutvörpu í sjó á svæði, sem bannað er fyrir togveiðar.

Kl. 10:40 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið bátsins m.b. GUÐFINNU STEINSDÓTTUR ÁR 10:

Stafnes r/v 116° fj. 5.5 sjóml., dýpi 84 m, sem gefur stað bátsins um 2.2 sjóml. inni á lokaða svæðinu.

Kl. 11:16 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið ÁR 10:

Stafnes r/v 111° fj. 6.5 sjóml., sem er um 2.2 sjóml. inni á lokaða svæðinu.

Haft var samband við skipverja á ÁR 10 kl. 11:10 og þeim sagt að hífa inn vörpuna og sagt að halda til hafnar.

Veður á þessum tíma: S-4, sjór-3, loft skýjað.

Ofangreindar mælingar gerði skipherra, yfirstýrimaður og 2. stýrimaður með ratsjá skipsins.

Hafa skipherra og 2. stýrimaður komið fyrir dóm og staðfest verk sín. Ofangreindan dag, 9. apríl, kl. 18:00, kom GUÐFINNA STEINS-DÓTTIR ÁR 10, til Þorlákshafnar, þar sem skipið var kyrrsett.

Á þessum tíma mældi varðskipið Týr fjögur önnur togskip á ólöglegum veiðum, og voru þau færð til hafnar.

Samkvæmt reglugerð nr. 129, 1985 frá 20. mars sl., sem birtist í Stjórnartíðindum 26. mars sl., eru allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á svæði því, sem hér um ræðir, frá 9. apríl 1985.

Ákærði kom fyrir dóm í dag vegna þessa máls og viðurkenndi að hafa verið á togveiðum á bannsvæði, sem hér um ræðir og hafi hann verið á veiðum í u.þ.b. sólarhring, áður en þeir voru stöðvaðir af landhelgisgæslu.

Ákærði kveðst á hinn bóginn hafa staðið í þeirri trú, að ofangreint bann tæki ekki gildi fyrr en á hádegi 9. apríl sl. Hafi hann skilið fréttatilkynningu sjávarútvegsráðuneytisins, sem birtist í fjölmiðlum, í þá veru. Ennfremur hafi hann fengið þær upplýsingar hjá öðrum, sem voru að veiða á ofangreindu bannsvæði, einkum „heimamönnum“, að bann tæki gildi á hádegi 9. apríl. Ekki hafi hvarflað að sér né öðrum skipverjum, sem þarna voru að veiða, að þeim væri það óheimilt.

### III.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn þessa máls, þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsíakvæða.

Af hálfu verjanda hefur því verið haldið fram, að færa eigi hér refsingu niður úr lágmarki með hliðsjón af 3. tl. 74. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940 vegna afsakanlegs misskilnings ákærða á ofangreindri reglugerð.

Bann það, sem hér um ræðir, var löglega birt í Stjórnartíðindum hinn 27. mars sl. Gera verður þær kröfur til aðilja, sem ofangreindar reglur snerta, að þeir kynni sér þær sérstaklega á réttum vettvangi. Kemur því 3. tl. 74. gr. laga nr. 74, 1974 (sic) hér ekki til álita.

Ákærði er sakhæfur.

Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1966 15/9 í Árness. Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn áfl.

1970 17/7 í Árness. Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarl. og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuréttindum í 14 mán. frá 8. júní 1969.

1977 9/6 í Árness. Sátt, 100.000 kr. sekt f. brot gegn 1. gr. reglug. nr. 17, 1976, sbr. 3. og 6. gr. reglug. nr. 299, 1975 og lög nr. 44, 1948.

1981 29/5 í Árness. Sátt, 2.500 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 4. mgr. 25.

gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur'ökuleyfi í 12 mán.  
frá 29.5. 1981.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt kr. 80.000 til Landhelgis-sjóðs Íslands, og komi 2 mánaða varðhald í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Þá skulu veiðarfæri m.b. GUÐFINNU STEINSDÓTTUR ÁR 10, þar með taldir dragstrengir, gerð upptæk skv. 17. gr. laga nr. 81, 1976 til Landhelgis-sjóðs Íslands. Ennfremur skal afli innanborðs í m.b. GUÐFINNU STEINSDÓTTUR ÁR 10, gerður upptækur til Landhelgis-sjóðs Íslands skv. sömu lagagrein.

Ákærði skal með vísan til 141. gr. laga nr. 74, 1974, greiða allan kostnað sakarinnar, þ.á m. laun til skipaðs verjanda, Jónasar Haraldssonar hdl., kr. 7.500.

Dóm þennan kvað upp Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, ásamt meðdómendum þeim Bjarna Þórarinssyni skipstjóra og Guðmundi Eggertssyni skipstjóra.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Hafsteinn Viðar Ásgeirsson, f. 19. apríl 1949, greiði kr. 80.000 í sekt, er renni í Landhelgis-sjóð. Verði sekt þessi eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms, skal ákærði sæta varðhaldi í 2 mánuði.

Þá skulu veiðarfæri í m.b. GUÐFINNU STEINSDÓTTUR ÁR 10, gerð upptæk, þar með taldir dragstrengir. Ennfremur skal allur afli innanborðs í m.b. GUÐFINNU STEINSDÓTTUR ÁR 10, gerður upptækur.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar þ.á m. laun til skipaðs verjanda hans, Jónasar Haraldssonar hdl., kr. 7.500.